

Sb.

121. Tillaga til þingsályktunar

[102. mál]

um vinnutíma fiskimanna.

Flm.: Björn Jónsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir undirbúningi lög-
gjafar um vinnutíma fiskimanna með þeim hætti að skipa nefnd manna, er í eigi
sæti fulltrúar sjómanna og útvegsmanna. Verði nefndinni falin eftirtalin verkefni:

1. Að athuga svo gaumgæfilega sem verða má, hver vinnutími fiskimanna sé að
jafnaði á sólarhring, viku, mánuði og ári.
2. Að athuga, með hvaða hætti fiskimönnum, öðrum en þeim, sem róa á eigin
fari, verði tryggður:
 - a) viðunandi hvíldartími á hverjum sólarhring;
 - b) heildarvinnutími á viku og mánuði eða ári, sem sé sem sambærilegastur
við þann, sem tíðkast meðal annarra starfsstétta.

Á grundvelli framangreindra athugana undirbúi nefndin síðan frumvörp til
laga um vinnutíma og orlof fiskimanna.

Greinargerð.

Hérlendis sem annars staðar hnígur öll þróun í þá átt, í kjölfar tæknivæðingar
og vaxandi áhuga á almennri heilsuvernd, að vinnutími styttest hröðum skrefum.
Fjölmennar starfsstéttir hafa þegar náð fram kröfum sínum um 40 stunda vinnu-
viku, og um þessar mundir er verið að lögfesta hana sem almenna reglu og um
leið rétt launafólks til fjögurra vikna lágmarksorlofs á ári.

Þessi þróun vinnutímamála nær þó ekki, nema að því er til orlofsins tekur,
til sjómanna á fiskiskipafлотanum, og helzt vinnutími þessarar mikilvægustu starfs-
stéttar í íslensku þjóðfélagi enn svo til eða alveg óbreyttur frá þeim tíma, er almennur
vinnutími var stórum lengri meðal þeirra starfsstétta, sem í landi vinna.

Það er skoðun flm. framangreindra till. til þál., að sú mismunun, sem hér er
á orðin, fái ekki staðizt öllu lengur og muni reynast hættuleg undirstöðuáttvinnu-
vegi þjóðarinnar, sjávarútveginum, ef ekki eru undanbragðalaust gerðar ráðstaf-
anir, sem að haldi koma og rétta hlut sjómannastéttarinnar. Er þess tæpast að
vænta, að fiskimenn uni því til langframa að vinna meira en helmingi lengri
vinnudag en þann, sem aðrir hafa lögfestan.

Á hinn bóginn eru augljós og jafnvel óyfirtíganleg vandkvæði á því að tryggja
fiskimönnum fullt jafnræði við aðra hvað daglegan vinnutíma snertir, og er því
nauðsyn á að huga vandlega að úrræðum til þess að jafna metin á lengri tíma-
bilum, og koma þá til greina takmarkanir miðaðar við viku, mánuð eða jafnvel
ár og e. t. v. allar í senn. Tvískipt árlegt orlof fiskimanna og þá um leið lengra en
almennt gerist er vafalaust íhugunarefni í þessu sambandi og enn fremur sá háttur,
að skráðar skipshafnir séu fjölmennari en nauðsynlegt er að hafa um borð í skipi
hverju sinni.

Í sambandi við nauðsynlegar úrbætur til að skapa sjómannastéttinni nokkurt
jafnræði í þessum efnum eru þó svo mörg tæknileg og fjárhagsleg vandamál, að
nauðsyn ber til, að málefnið í heild sé athugað vandlega af réttum aðilum, á þann
hátt, sem till. gerir ráð fyrir.